Nr. 34.
20.
október.

# Lög

um

## breyting á og viðauka við lög um stofnun Ræktunarsjóðs Islands 2. marz 1900.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Tilgangur Ræktunarsjóðsins er að efla ræktun landsins. Stofnfjeð má aldrei skerða, en því skal varið til lánveitinga til jarðabóta og hvers kyns atvinnubóta við jarðyrkju.

Enn fremur má lána úr sjóðnum gegn öðrum veðrjetti til ábýliskaupa, hvort heldur eru jarðir, eða grasbýli og þurrabúðir utan verzlunarstaða í kaupstöðum og kauptúnum.

Ræktunarsjóðurinn greiðir árlega til landssjóðs 3 af hundraði af andvirði þeirra þjóðjarða, sem seldar verða eptir 1. janúar 1906, jafnóðum og vextir og afborganir renna í hann. Af vöxtum sjóðsins að öðru leyti má verja allt að $^2/_3$ hlutum til að styrkja menn til lífsábyrgðakaupa til viðbótar tryggingarlánveitingum til ábýliskaupa og til verðlauna fyrir atorku, hagsýni og eptirbreytnisverðar nýjungar í landbúnaði. Að öðru leyti skal leggja vextina við höfuðstólinn.

2. gr.

Reikningar ræktunarsjóðsins skulu árlega fylgja landsreikningnum og endurskoðast af yfirskoðunarmönnum alþingis.

3. gr.

Þriðja grein laga 2. marz 1900 um stofnun Ræktunarsjóðs Íslands skal úr lögum numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1906.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer hegða.að

**Gefið á Amalíuborg, 20. október 1905.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

Autoriseret Oversættelse i Henhold til Lov 18de September 1891.

# Lov

Nr. 34.
20.
Oktober.

om

## Forandring i og Tillæg til Lov 2den Marts 1900 om Oprettelse af Islands Dyrkningsfond.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

*Gøre vitterligt*: Altinget har vedtaget og Vi ved Vort Samtykke stadfæstet følgende Lov:

§ 1.

Dyrkningsfondens Øjemed er at befordre Landets Opdyrkning. Grundkapitalen kan aldrig angribes, men den skal anvendes til Laan til Jordforbedringer og til alle Slags til forbedret Driftsmaade sigtende Foranstaltninger.

Endvidere kan Kapitalen anvendes til Udlaan mod anden Prioritet til Lejere til Erhvervelse som Selvejendom af de af dem beboede Gaarde, Huse med tilhørende Græslodder, samt Tomthuse udenfor Handelsgrundene i Købstæder og Handelssteder.

Dyrkningsfonden betaler aarlig til Landskassen 3 $^0/_0$ af Købesummerne for de Landskassen tilhørende Jorder, der sælges efter 1ste Januar 1906, efterhaanden som Renter og Afdrag af Købesummerne tilflyde den. Af Fondens Renter iøvrigt kan indtil $^2/_3$ anvendes som Understøttelse til Køb af Livsforsikringer, som kan tjene som Suppleringsgaranti for ydede Laan til Lejere til Erhvervelse som Selvejendom af de af dem beboede Ejendomme, og til Præmier for udvist Dygtighed, Indsigt og mønsterværdige Nyforetagender i Landbruget. Forøvrigt skal Renterne tillægges Fondens Kapital.

§ 2.

Dyrkningsfondens Regnskab skal aarlig følge Landsregnskabet og revideres af Altingets Revisorer.

§ 3.

Paragraf 3 i Lov af 2den Marts 1900 om Oprettelse af Islands Dyrkningsfond ophæves.

§ 4.

Denne Lov træder i Kraft den 1ste Januar 1906.

Hvorefter alle vedkommende sig have at rette.

**Givet paa Amalienborg, den 20. Oktober 1905.**

Under Vor Kongelige Haand og Segl.

***Christian R.***

(L. S.)

***H. Hafstein.***

---

**Islands Ministerium, den 20. Oktober 1905.**

***H. Hafstein.***

*Ólafur Halldórsson.*

Nr. 34. Lov 20. Oktober om Forandring i og Tillæg til Lov 2den Marts 1900 om Oprettelse af Islands Dyrkningsfond.